

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorggjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ákveðið að sorggjald á hvert heimili verði kr. 46.677 og sorggjald á hvert frístundahús verði kr. 24.166.

Íbúar geta óskað eftir að fá fleiri sorphlát að heimilum sínum og greiða þá fyrir sorphlát fyrir almennan úrgang 23.246 kr. og fyrir sorphlát fyrir endurvinnsluúrgang 19.260 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2020:

Flokkur

Brotmálmar	kr.	3.380	pr. m ³
Brotmálmar	kr.	13	pr. kg
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	kr.	14.135	pr. stk.
Timbur (ómengað og hæft í kurlun)	kr.	1.740	pr. m ³
Timbur (blandað, mengað eða óhæft í kurlun)	kr.	3.380	pr. m ³
Gler og postulín	kr.	1.740	pr. m ³
Jarðvegur, grjót og múrbrot	kr.	1.740	pr. m ³
Pappír (ekki bylgjupappi)	kr.	4.320	pr. m ³
Ópressanlegur úrgangur s.s. húsgögn	kr.	2.330	pr. m ³
Blandaður pressanlegur úrgangur	kr.	4.660	pr. m ³

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorph á gámostöðina. Ef ekki er forflokkað leggst 20% álag ofan á ofangreint verð.

Atvinnurekandi skal ávallt kvitta undir hjá starfsmanni gámostöðvarinnar vegna móttöku hans á úrganginum á þar til gert eyðublað í þríriti. Dalabyggð sendir síðan innheimtuseðil á viðkomandi atvinnurekanda.

Íbúar sveitarfélagsins geta komið með allt að 8 rúmmetrum af úrgangi frá heimilum á ári, á Gámostöðina í Búðardal, án þess að þurfa að greiða fyrir.

Sveitarstjórn Dalabyggðar getur ákveðið að gefa út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Tekið er á móti úrgangi, s.s. spilliefnum, rafeindabúnaði/raftækjum, bylgjupappa, hjólbörðum, rúlluplasti, sparperum, flúrperum og fatnaði, án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 10. desember 2020 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1372/2019.

Búðardal, 10. desember 2020.

Kristján Sturluson sveitarstjóri.